

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/2004, um siglingavernd.

Frá samgöngunefnd.

1. Við d-lið 3. gr.:
  - a. Á eftir orðinu „Siglingastofnun“ í 1. efnismásl. komi: Íslands.
  - b. Á eftir orðinu „eftirlitsins“ í 2. efnismásl. komi: án undangengins dómsúrskurðar.
2. Við b-lið 4. gr.:
  - a. Á eftir orðinu „Siglingastofnunar“ í 2. mgr. komi: Íslands.
  - b. Á eftir orðinu „Siglingastofnun“ í 1. másl. 3. mgr. komi: Íslands.
  - c. Við 3. mgr. bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Um farbann fer að ákvæðum laga um eftirlit með skipum.
  - d. Á eftir orðinu „Siglingastofnunar“ í 4. mgr. komi: Íslands.
3. Á eftir orðinu „heimilt“ í 5. gr. komi: að höfðu samráði við hafnaryfirvöld.
4. 10. gr. orðist svo:
  12. gr. laganna, sem verður 15. gr., orðast svo ásamt fyrirsögn:

### *Refsingar.*

Brot gegn 5., 10. og 11. mgr. 4. gr., 5. gr. og 6. gr. laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. Brot á þagnarskyldu skv. 11. gr. laganna er refsivert skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga. Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.